

15. maí 2017

SAMKOMULAG UM BREYTINGU Á SAMNINGI VIÐ STAÐFESTINGARAÐILA

milli

Reginn hf.,

PricewaterhouseCoopers ehf.

og

Umboðsmanna kröfuhafa

(samkvæmt skilgreiningu í samningi þessum)

70.000.000.000 KR. ÚTGÁFURAMMI REGINN HF.

Handwritten signature and initials in the bottom right corner.

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	1
2. SKILGREININGAR	1
3. BREYTING Á ÁKVÆÐI 4.2.....	1
4. BREYTING Á ÁKVÆÐI 6.2.....	1
5. NÝIR VIÐAUKAR I OG III.....	2
6. ANNAÐ	2
VIÐAUKI I.....	3
VIÐAUKI II.....	4

f.5.
r
p
A

Samkomulag þetta er gert þann 15. maí 2017 („samningurinn“) og er á milli:

- 1) Reginn hf., kt. 630109-1080, Hagasmára 1, 201 Kópavogur („útgefandi“);
- 2) PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík („staðfestingaraðili“); og
- 3) Umboðsmanna kröfuhafa, eins og þeir eru skilgreindir í samningi þessum, fyrir hönd kröfuhafa.

1. INNGANGUR

- 1.1. Þann 9. maí 2017 var gerður samningur við staðfestingaraðila milli aðila samkomulags þessa „samningur við staðfestingaraðila“. Er samningur við staðfestingaraðila hluti af almenna tryggingafyrirkomulaginu í tengslum við útgáfuramman.
- 1.2. Þar sem útgefandi vill, vegna óska fjárfesta, afmarka betur hverjar eignir verði settar að veði samkvæmt tryggingarbréfi, er samkomulag þetta gert samhliða breytingum á veðhafasamkomulaginu.

2. SKILGREININGAR

- 2.1. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila hafa sömu merkingu og þau hafa í samningi við staðfestingaraðila.

3. BREYTING Á GREIN 4.2.

- 3.1. Grein 4.2 skal taka breytingum og hljóða svo þannig breytt:
 - 4.2. Útgefandi skal afhenda staðfestingaraðila skýrslu um lánaþekju og öll nauðsynleg gögn ef útgefandi hyggst óska eftir því við veðgæsluaðila að gerðar verði breytingar á tryggingarbréfi þannig að veðsettar eignir verði leystar úr veðböndum og/eða nýjar eignir veðsettar á grundvelli tryggingarbréfs. Skal útgefandi staðfesta með skýrslu um lánaþekju, sem send er til staðfestingaraðila til staðfestingar, að uppgreiðsluverðmæti þeirra skuldaskjala sem tryggð eru samkvæmt tryggingarbréfi fari ekki yfir 75% af verðmæti veðsettra eigna og að skilyrði veðhafasamkomulagsins um samsetningu veðsettra fasteigna séu uppfyllt, eftir þær breytingar sem útgefandi óskar eftir samkvæmt framangreindu.

4. BREYTING Á GREIN 6.2.

- 4.1. Grein 6.2 skal taka breytingum og hljóða svo þannig breytt:
 - 6.2. Ef útgefandi eða veðsali óskar eftir að nýjum eignum sé bætt við og/eða eignir leystar úr veðböndum, leggur staðfestingaraðili sjálfstætt mat á verðmæti

þeirra eigna, samsetningu þeirra og útreikning á lánaþekju, sem fram kemur í skýrslu um lánaþekju.

5. NÝIR VIÐAUKAR I OG III


- 5.1. Í stað viðauka I og III eins og þeir eru í samningi við staðfestingaraðila skulu koma nýir viðaukar I og III sem skulu vera í samræmi við viðauka I og II við samkomulag þetta.

6. ANNAÐ

- 6.1. Að öðru leyti en að framan greinir skal samningur um staðfestingaraðila, dags. 9. maí 2017, haldast óbreyttur og gilda um samningssamband aðila.
- 6.2. Fyrirsagnir í samningi þessum eru eingöngu til skýringar og fela ekki í sér efnisatriði í meginmáli hans.
- 6.3. Samningur þessi er gerður í þremur eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki.
- 6.4. Öllu framanrituðu til staðfestu undirrita aðilar samning þennan.


Reykjavík, 15. maí 2017

Fyrir hönd Reginn hf.




Helgi S. Gunnarsson
Kt. 070960-2819


Fyrir hönd PricewaterhouseCoopers ehf.



Íslög ehf. fyrir hönd kröfuhafa



Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift aðila:



Helgi S. Gunnarsson Kt. 070960-2819

VIÐAUKI I.
FORM AÐ SKÝRSLU UM LÁNAÞEKJU

[Staðfestingaraðili]

[staður og dagsetning]

Skýrsla um lánaþekju

Vísað er til veðhafasamkomulagsins og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafasamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Útgefandi óskar hér með eftir [[að eftirfarandi breytingar verði gerðar á hinum veðsettu eignum] [að nýjum skuldbindingum verði bætt við þær skuldbindingar sem þegar eru tryggðar með tryggingarbréfi]]:

[Veðsettar eignir losaðar undan veðböndum:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar veðsettar eignir:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar skuldbindingar:

Skuldbinding: _____

Lánaþekja: _____]

Niðurstaða útgefanda er að uppgreiðsluverðmæti þeirra krafna sem tryggðar eru samkvæmt tryggingarbréfi fari ekki, eftir breytingar sem óskað er eftir, yfir [[75%] [65%]] af verðmæti veðsettra eigna [og að samsetning veðsettra eigna sé í samræmi við ákvæði veðhafasamkomulags].

Meðfylgjandi eru upplýsingar [[um verðmat, verðmatsviðmið og samsetningu eigna] [um nýjar skuldbindingar]].

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd Reginn hf.

FS.
r
PA
da

VIÐAUKI II.

FORM AÐ STAÐFESTINGU Á SKÝRSLU UM LÁNAÞEKJU

[Umboðsmenn kröfuhafa]

Reginn hf.

Hagasmára 1

201 Kópavogi

[staður og dagsetning]

[[Staðfesting] [Synjun á staðfestingu]] á skýrslu um lánaþekju.

Vísað er til veðhafasamkomulagsins og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í veðhafasamkomulaginu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um lánaþekju, dags. [•].

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um lánaþekju og upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

[[ef breytingar á veðsettum eignum]

Veðsettar eignir losaðar undan veðböndum:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Nýjar veðsettar eignir:

Eign: _____ Verðmæti: _____

Uppgreiðsluverðmæti krafna:

_____]

[[ef nýjar skuldbindingar]

Verðmæti veðsettra eigna:

Uppgreiðsluverðmæti krafna að meðtöldum nýjum skuldbindingum:

_____]

F.
JH
xu

[Yfirferð staðfestingaraðila á [verðmæti hinna veðsettu eigna og samsetningu þeirra]
[áhrifa nýrra skuldbindinga] samræmist mati útgefanda og [skýrsla um lánaþekju]
[skýrsla um fjárhagslegar kvaðir] því staðfest.]

[Eftirfarandi eru athugasemdir staðfestingaraðila við mat útgefanda sem fram kemur í
skýrslu um lánaþekju: [•]]

[staður og dagsetning]

Fyrir hönd staðfestingaraðila

FS
r VG
Aen